

**Nd.**

**632. Frumvarp til laga**

[298. mál]

um úrskurðaraðila í starfsaldurslistadeilu flugmanna Flugleiða hf.

(Lagt fyrir Alþingi á 103. löggjafarþingi 1980—81.)

**1. gr.**

Takist ekki samkomulag um sameiningu starfsaldurslista þeirra félagsmanna Félags íslenskra atvinnuflugmanna og Félags Loftleiðaflugmanna, sem starfa hjá Flugleiðum hf., fyrir milligöngu sérstakrar sáttanefndar samkvæmt 3. gr. laga nr. 33 16. maí 1978, tilnefnir Hæstiréttur Íslands þrjá menn sem úrskurðaraðila um það efni.

Hæstiréttur Íslands kveður á um hver hinna þriggja úrskurðaraðila skuli vera formaður.

Úrskurðaraðilar setja sér starfsreglur og afla sér af sjálfsdáðum nauðsynlegra gagna og er rétt að krefjast skýrslna, munnlegra og skriflegra, af einstökum mönnum og embættismönnum, sem og fyrirsvarsmönnum Flugleiða hf. og stéttarfélagi þeirra, sem hlut eiga að máli.

**2. gr.**

Úrskurðaraðilar skulu hefja störf þegar og ljóst liggur fyrir að störf sáttanefndarinnar beri ekki árangur, þó ekki síðar en innan fjögurra vikna frá gildistöku laga þessara.

**3. gr.**

Vinnustöðvun sú, sem boðuð er frá og með 10. apríl 1981, vegna deilu um starfsaldurslista er óheimil, svo og aðrar vinnustöðvanir í því skyni að knýja fram aðra skipan mála en lög þessi gera ráð fyrir.

**4. gr.**

Ákvarðanir úrskurðaraðila skulu vera bindandi fyrir hlutaðeigandi frá 15. mars 1981.

**5. gr.**

Laun úrskurðaraðila greiðist úr ríkissjóði eftir ákvörðun ráðherra.

**6. gr.**

Með brot gegn lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála og varða brot sektum.

**7. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**G r e i n a r g e r ð .**

Á undanförunum þremur árum hafa farið fram ítarlegar og langvinnar tilraunir til þess að sameina starfsaldurslista flugmanna þeirra sem starfa hjá Flugleiðum hf. Eru flugmenn í tveimur stéttarfélögum, Félagi íslenskra atvinnuflugmanna og Félagi Loftleiðaflugmanna, sem stofnað var 1976. Hafa lengi verið í gildi tveir aðgreindir starfsaldurslistar hjá flugmannahópnum. Það er mjög mikils virði fyrir atvinnuöryggi flugmanna sjálfra að í gildi sé hins vegar einn og óumdeildur starfsaldurs-

listi þeirra, þar sem þeir starfa nú allir hjá einum og sama vinnuveitanda, eftir að Flugleiðir hf. tóku alfarið við flugrekstri Flugfélags Íslands hf. og Loftleiða hf. 1. október 1979.

Jafnframt er það ekki síður mikilvægt fyrir rekstur Flugleiða hf. að friður ríki um starfsaldursröðun „og er sá friður alger forsenda nauðsynlegs sveigjanleika í flugrekstri, hvort heldur tekur til flugleiða, flugvélakosts og breytinga á honum, tilfærslna í starfi, ráðninga og fjölmargra annarra atriða“ eins og sagði í bréfi Flugleiða hf. til Félags íslenskra atvinnuflugmanna 16. mars 1978.

Á liðnum árum hafa ýmsar leiðir verið reyndar til þess að sameina hina tvo starfsaldurslista flugmannafélaganna tveggja. Þegar á árinu 1978 skipuðu flugmannafélögin fulltrúa sína í nefnd til þess að semja reglur um sameiningu listanna. Samkomulag varð í nefndinni um það verkefni, en málið strandaði á því að annað stéttarfélag flugmanna hafnaði tillögunum.

Þá freistaði sáttanefnd í kjaradeilu flugmanna 1979 að leysa starfsaldurslistamálið en án árangurs.

Í þessari deilu náðist hins vegar samkomulag um að leggja ágreining um launamál fyrir gerðardóm. Sá dómur gekk þann 5. september 1979. Þótt hann hafi ekki fjallað um sameiningu starfsaldurslistanna, er þó í dómunum vikið að því máli og kemur þar glöggð fram hve ítarlegar tilraunir þá höfðu þegar verið gerðar til þess að leysa málið með samningum. Þar er m. a. rakinn kafli úr minnisblaði sérstakrar sáttanefndar, dags. 27. janúar 1979:

„Starfsaldurslistar. Það mál, sem telja má hina raunverulegu meinsemd og orsök umræddrar deilu, þótt ekki kæmi það beint fram í þeim tveimur kröfum, sem Félag íslenskra atvinnuflugmanna setti nú fram í deilumáli þessu, og sem segja má að brunnið hafi hvað heitast nær allt síðasta ár og jafnvel lengur, var gerð sameiginlegs starfsaldurslista flugstjóra og flugmanna hjá Flugleiðaflugmönnum, í stað þess sem nú er hjá hvoru félaganna, Loftleiðum hf. og Flugfélagi Íslands hf., enda þótt yfirstjórn beggja félaganna væri sameinuð í Flugleiðum hf. 1. ágúst 1973. Í bréfi Flugleiða hf., dags. 16. mars 1978, sem fylgir hjálagt í myndriti sem fskj. 3, segir að við stofnun Flugleiða hf. hafi verið ákveðið að Loftleiðir hf. og Flugfélags Íslands hf. „störfuðu áfram, að minnsta kosti fyrst um sinn“, en Flugleiðir hf. skyldi annast „allan rekstur þeirra annan en rekstur flugvélanna“.

Síðan er í téðu bréfi rakið hvernig ágreiningur innan Félags íslenskra atvinnuflugmanna, sem þá var félag allra íslenskra atvinnuflugmanna, olli því að það félag klofnaði og Félag Loftleiðaflugmanna var stofnað 1976.

Í bréfinu er sú stefna boðuð af hálfu Flugleiða hf. að það taki „við öllum rekstri flugvéla“ dótturfélaganna 1. október 1978 og býður félagið liðsinni sitt við sameiningu starfsaldurslistanna, sem nú voru eftir stofnun Félags Loftleiðaflugmanna orðnir tveir. Félag íslenskra atvinnuflugmanna féllst á þessa hugmynd með bréfi dags. 18. mars 1978, en Félag Loftleiðaflugmanna taldi að tímamark Flugleiða hf., að ljúka sameiningu starfsaldurslistanna fyrir 1. október 1978 væri of þröngt og nefndi 1. apríl 1979, en féllst síðar á 1. febrúar 1979. Í nóvember f. á. (1978) settu flugmannafélögin tvö, Félag íslenskra atvinnuflugmanna og Félag Loftleiðaflugmanna á laggirnar sex manna nefnd til að ræða um sameiningu starfsaldurslistanna. Lauk nefndin störfum 13. desember f. á. (1978) með fullu samkomulagi um hvaða aðferð skyldi beitt, þ. á m. á fyrsta stigi tilraun félaganna til að leysa málið og síðan gerðardóm, ef samkomulag næðist ekki (sbr. fskj. 4).

Stjórn Flugleiða hf. markaði sína stefnu í málinu 31. desember f. á. (1978) (sbr. fskj. 5). Er þar í meginatriðum fallist á tillögur nefndarinnar frá 13. desember 1978, en ýmis ákvæði gerð skýrari, aðallega um gerðardóminn og tímamörk tilnefninga í dóminn sett.

Bréfi Flugleiða hf. frá 31. desember f. á. (1978), svaraði Félag Loftleiðaflugmanna 24. þ. m., og samþykkti þar tillögurnar, en með bréfi, dags. 10. þ. m., hafnaði Félag íslenskra atvinnuflugmanna þeim að svo stöddu, en virðist leggja megináherslu á jafnlaunakröfur sínar, sbr. lið d hér á eftir“.

Hér lýkur tilvitnunum í greinargerð sáttanefndarinnar.

Á árinu 1980 var þess enn freistað að ná samkomulagi milli aðila um sameiningu starfsaldurslistanna. Allt frá því snemma á árinu voru haldnir tugir funda um málið undir stjórn sérstaks aðstoðarsáttasemjara í kjaradeilu flugmanna, en samningar þeirra hafa verið lausir frá 1. febrúar 1980. Voru aðilar sammála um að sameining starfsaldurslistanna skyldi hafa forgang áður en tekið yrði til við að ræða kjaramál og gerð nýrra samninga. Í nóvember 1980 fór fram allsherjaratkvæðagreiðsla um miðlunartillögu, er sáttasemjari bar fram um sameiningu starfsaldurslistanna. Úrslit atkvæðagreiðslu þessarar urðu þau að Flugleiðir hf. og Félag Loftleiðaflugmanna samþykktu tillöguna en Félag íslenskra atvinnuflugmanna hafnaði henni.

Nú nýlega hefur það gerst að félagsmenn í Félagi Loftleiðaflugmanna hafa sótt um inngöngu í Félag íslenskra atvinnuflugmanna og eru því horfur á að senn verði flugmenn sameinaðir í einu stéttarfélagi.

Er því enn brýnna en áður að unnt verði að koma á sameiginlegum starfsaldurslista þeirra svo unnt verði að tryggja vinnufrið innan félagsins og setja niður deilur vegna starfsaldursröðunar flugmanna, sem valdið hafa úlfúð og erfiðleikum í rekstri Flugleiða hf. á undanförunum árum. Má það heldur ekki dragast lengur sem í eindaga er nú komið að taka ákvörðun um þjálfun flugmanna á nýjar flugvélagerðir fyrir sumarátætlun, en við slíkar ákvarðanir er starfsaldurslistinn grundvallaratriði.

Enn má því hér við bæta að niðurstaða í starfsaldursmálinu er forsenda þess að unnt verði að hefja umræður um nýjan kjarasamning flugmanna, en samningar þeirra hafa verið lausir síðan 1. febrúar á síðasta ári. Er því flugmönnum það mikið hagsmunamál að sem fyrst verði unnt að fá niðurstöðu í starfsaldurslistamálinu.

Hér má og enn minna á það að stjórn Flugleiða hf. hefur lýst því yfir að slík sameining listanna sé ein mikilvægasta forsenda fyrir því að unnt verði að rétta við hag félagsins og koma við sem fyllstri hagkvæmni í rekstri í framtíðinni. Er það atriði sem hér hlýtur vissulega að veða þungt á metaskálanum.

Svo sem að framan er rakið hafa á undanförunum árum verið gerðar ítrekaðar tilraunir til þess að ná samkomulagi um sameiningu starfsaldurslista flugmanna-félaganna, bæði af þeim sjálfum og embætti rikissáttasemjara. Þær tilraunir hafa engan árangur borið til þessa og verður að telja fullreynt að slíkt samkomulag náist milli aðila, þegar litið er á forsögu málsins. Lausn málsins er hins vegar ákaflega aðkallandi eins og þegar hefur verið rakið og rökstutt.

Af þessum sökum er hér lagt fram frumvarp um skipan sérstaks úrskurðaraðila í málinu, sem ákveða skal á hvern hátt starfsaldurslistarnir skuli sameinaðir, ef sáttanefnd, sem skipuð verður án tafar tekst ekki að leysa málið innan fjögurra vikna frá samþykkt þessa frumvarps. Er í 1. gr. frumvarpsins gert ráð fyrir því að Hæstiréttur Íslands skipi þrjá óvilhalla menn, sem það verkefni annist. Miðað við forsögu máls þessa verður að telja þá leið nú vænlegasta til lausnar þeim vanda sem hér er við að etja. Í þessu sambandi má og geta þess að slík leið hefur verið farin víða erlendis, er flugfélög hafa verið sameinuð, og hefur það gefið góða raun. Þá hafa aðilar áður fallist á að setja gerðardóm.

Þar sem allar leiðir til samkomulags hafa verið reyndar til þrautar er enginn vegur að draga afgreiðslu frumvarps þessa. Því er frumvarpið nú flutt og þarfnast einstakar greinar þess ekki skýringa.

Við sameiningu flugfélaganna voru mörg vandamál óleyst. Eitt hið stærsta og erfiðasta er deilan um starfsaldurslista. Hér er leitað atbeina löggjafans til lausnar hennar.